

Fundur samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd kom saman til fundar þann 24. febrúar 2024 á Teams kl. 10:00.

Fundinn sátu:

- Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Vilhjálmur Sveinsson, KPMG sem ritaði fundargerð.

Lilja B Ágústsdóttir, boðaði forföll

Jón Hrói setti fundinn kl. 10:00.

1. Staða verkefnisins

Jón Hrói fór yfir stöðu verkefnisins og áfallinn kostnað. Samstarfsnefnd samþykkir viðbót við verksamning við KPMG að fjárhæð 3,0 - 3,5 m.kr. Gerður verður viðauki við upphaflegan verksamning um viðbótina.

2. Verkefnin framundan

Farið yfir áætlun næstu skrefa og rætt um kynningaráætlun. Lögð áhersla á að kjörstjórnir verði skipaðar fyrir sumarleyfi sveitarstjórna auk þess sem rætt var um að senda kynningarefni til íbúa sveitarfélagana fyrir sumarleyfi. Stefnt er að kynningu á tillögu og framtíðarsýn samstarfsnefndar í ágúst.

3. Hagsmunagreining og markmiðasetning

Umræður um áherslur sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu vegna sameiningarviðræðna.

Eftirfarandi hagsmunamál voru rædd:

- Dragháls og uxahryggjavegur
- Holtavörðuheidalína 1

Ákveðið að Guðveig og Jón Eiríkur ræði tillögur að áherslum fyrir næsta fund.

4. Annað

Niðurstaða Innviðaráðuneytisins vegna stjórnsýslu Skorradalshrepps varðandi íbúakosningu rædd og ákveðið að birta frétt um málalok á upplýsingasíðu verkefnisins.

Fundi slitið kl. 10:36.